

226 Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum
5. des. þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 5. desember 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

227
10. des.

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hvammstangahrepps.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar hreppsins liggja, skal greiða tengigjald kr. 200.00 fyrir hvert hús ásamt 3% af fasteignamatsverði hússins.

2. gr.

Af öllum húsum, sem um getur í 1. gr., skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar, kr. 100.00 af hverju húsi ásamt 3% af fasteignamatsverði. Ef fleiri en ein íbúð er í sama húsi, skal greiða kr. 100.00 fyrir hverja íbúð, sem er umfram eina í sama húsi.

Gjald af hverri bifreið, sem skrásett er á Hvammstanga, skal vera kr. 50.00 árlega. Fyrir vatnshana í útihúsum skal árlegt gjald vera kr. 25.00 af hverjum. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi skal greiða kr. 0.10.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn, svo og hver bifreiðareigandi. Gjaldalagi á vatnsskatti skal vera 15. nóvember ár hvert. Vatnsskattur greiðist oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur reikningshald vatnveitunnar.

4. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. desember 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gunnlaugur Þórðarson.